

3. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 12.08 2010, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Fjallaskarð**
- 3. Laugarfell**
- 4. Gistihús, grillaðstaða á lóð Végarðs o.fl**
- 5. Niðurrif tengivirkis á Hamborgarmelum og ósk Landsnets um urðun steypu í Hamborgarnámu**
- 6. Sorpmál**
Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Breiðdalshrepps, dags. 19.07
- 7. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014**
- 8. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri I**
- 9. Kárahnjúkavirkjun, framkvæmd skilyrða umhverfisráðherra**
Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 29.07 og svör LV
- 10. Samningar við oddvita og varaoddvita**
- 11. Bréf**
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 13.07
 - b) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.07
 - c) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 28.07
 - d) Orkustofnun, dags. 03.07
- 12. Fjárbeiðnir**
 - e) Skólahreysti
 - f) Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna
 - g) Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
 - h) Félag skógarbænda
 - i) Pétur Guðmundsson
- 13. Umhverfisstyrkir**
 - j) Andrés Einarsson
 - k) Lárus Heiðarsson
 - l) Eiríkur J. Kjerúlf
- 14. Fundargerðir**
 - m) HAUST 28.06
 - n) Skólaskrifstofa Austurlands 01.07
- 15. Önnur mál**

1. Skýrsla oddvita.

Ungmennahópur frá LV undir verkstjórn Þórðar Ólafssonar unnu að úrbótum á stíg að Hengifossi 20.-22. júlí. Borð, stigar og brýr voru málaðar og göngubrú smíðuð á Sellæk Einnig var göngustígur breikkaður á tveimur stöðum, þar sem stígurinn lá í brattri skriðu.

Rarik undirbýr framkvæmdir við jarðstrengjalögn í Suðurdal frá Víðivöllum fremri í Sturluflöt, áætlað er að framkvæmdin geti hafist í byrjun september.

Vegagerðin hefur samið við Y1 um vegagerð í Norðurmúla.

Oddviti var í sumarleyfi frá 26. júlí til 9. ágúst og varaoddviti sá um afleysingu og viðveru á skrifstofu.

Landsvirkjun hefur afhent sveitarfélaginu skýrslu LV-2010/062 Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði með notkun gervitunglamynda. Samanburðu milil ára 2002.2007 og 2008.

Fyrirtækið Alta býður sveitarfélögum þjónustu sína. Fyrirtækið telur sig geta aðstoðað sveitarfélög á margvíslegan hátt s.s. við skipulagsgerð, mótun stefnu, hönnun og greiningar.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti tillögu Fljótsdalshrepps um orðalagsbreytingu á breytingu á 9 gr. samþykktar fyrir Skólanefnd Hallormsstaðaskóla. Niðurlag greinarinnar orðast því þannig: Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps ræður skólustjóra Hallormsstaðaskóla og veitir honum lausn frá störfum, að tillögu skólanefndar Hallormsstaðaskóla.

Jöfnunarsjóður hefur endurskoðað úthlutuð framlög vegna hækkunar á tryggingargjaldi. Áætluð hlutdeild Fljótsdalshrepps eftir hækkun er kr. 195.120,-

Vonir standa til að upplýsingaskilti fyrir gönguleið um Ranaskóg og að Strútsfossi verði tilbúin til uppsetningar fyrir Fljótsdalsdag Ormsteitis.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent upplýsingar um starfsemi Sambandsins, til allra nýkjörinna sveitarstjórnarmanna.

Gögn sem borist hafa og liggja frammi á fundinum.

Ársskýrsla Héraðsskóga 2009, ársrit Skógræktar ríkisins 2009, ásamt riti um framtíðarhorfur og helstu áherslur landshlutaverkefna í skógrækt.

Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2009

Ársskýrsla Rarik 2009.

2. Fjallaskarði.

Skoðuð tillaga Verkís að fjallskála í Fjallaskarði. Samþykkt að byggja skálann úr fimm einingum frá LV og að laga gamla A húsið í framhaldinu.

Byggt verður ris á einingarnar.

Einnig þarf að gera ráðstafanir með að koma neysluvatni í skálann og rotþró.

Umræða varð um að laga gamla gangnamannaskálann sem gerður er úr torfi og grjóti og mun vera einn af fáum sem ennþá stendur uppi á Fljótsdalsheiði.

3. Laugarfell.

Skriðuklaustursrannsóknir óskuðu eftir leyfi forsætisráðuneytisins til að taka könnunarskurð vegna fornleifakönnunar í Laugarfelli. Ráðuneytið samþykkti beiðnina með bréfi dags. 05.07, en vísaði til þess að viðkomandi sveitarfélag þyrfti einnig að veita leyfi. Í samráði við sveitarstjórn veitti oddviti leyfið með bréfi dags.22.júlí.

Umhverfisskýrsla fyrir Laugarfellssvæðið var auglýst til kynningar frá 1. júní til 13. júlí. Enginn hafði samband til að kynna sér skýrsluna og engar athugasemdir bárust.

Samþykkt að gólf á efri hæð Laugarfellsskála verði parketklætt, milliveggir í herbergjum verði úr gipsi og ljósmálaðir, gerð verði mottugryfja í forstofu og að fela arkitektinum að gera tillögu að kamínu.

Samið hefur verið við Yl hf um lagfæringar á vegslóða að Laugarfelli, fjármagn til endurbótanna verður tekið að óráðstöfuðu eigin fé, rúmist kostnaður ekki innan fjárhagsáætlunar.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis.

4. Gistihús, grillaðstaða á lóð Végarðs o.fl.

Borist hefur erindi frá Fljótsdalsgrund ehf um nokkur atriði varðandi frágang lóðar, aðstöðu fyrir varðeld og grill.

Samþykkt að ganga frá niðurfalli og aðkomu að kjallara, einnig að sveitarfélagið geri aðstöðu fyrir grill og varðeld, en áður skuli liggja fyrir kostnaðaráætlun og drög að samningi við verktaka. Í framhaldinu verði gert skipulag varðandi lóðina og umhverfið í kring. Einnig verður óskað eftir umsögn húsnefndar.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

Samþykkt að taka fyrir 10. dagskrárlið og Gunnþórunn vék af fundi.

10. Samningar við oddvita og varaoddvita.

Varaoddviti kynnti drög að samningi við oddvita. Samþykkt að fela varaoddvita að skrifa undir samning við oddvita. Samningstími er frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2014.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og Jóhann vék af fundi.

Oddviti kynnti drög að samningi við varaoddvita um afleysingar í sumarleyfum oddvita. Samþykkt að fela oddvita að skrifa undir samning við varaoddvita. Samningstími er frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2014.

Jóhann kom aftur til fundar.

Þorvarður yfírgaf fundinn um kl. 17.30

5. Niðurrif tengivirkis á Hamborgarmelum og ósk Landsnets um urðun steypu í Hamborgarnámu.

Sveitarstjórn samþykkir urðunina fyrir sitt leiti, að fengnu samþykki heilbrigðiseftirlitsins. Oddvita falið að gefa út leyfið.

6. Sorpmál

Afrit af bréfi Umhverfisráðuneytisins til Breiðdalshrepps , dags. 19.07 Varðar urðunarstað í Breiðdalshreppi. Ráðuneytið veitir tímabundið leyfi til stækkunar urðunarstaðsins, vegna urðunar sorps frá Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi og Seyðisfjarðarkaupstað.

7. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014, vegna deiliskipulagstillögu frístundabyggðar Víðivöllum ytri I, var auglýst samkv. 2. mgr.21. gr skipulags-og byggingarlaga , 28. júní til 19. júlí. Athugasemdafrestur rann út 19. júlí. Engar athugasemdir við tillöguna bárust sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna óbreytta og felur oddvita að senda umhverfisráðherra samþykktu tillögu til staðfestingar.

8. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri I

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar Víðivöllum ytri I, var auglýst samkv. 25.gr.skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. , frá 28. júní til 28. júlí sl. Athugasemdafrestur rann út 11. ágúst. Engar athugasemdir bárust sveitarstjórn. Fornleifakönnun hefur farið fram á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir deiliskiplagstillöguna óbreytta og felur oddvita að senda tillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar samkv. 3. mgr. 25. greinar skipulags-og byggingarlaga. Oddvita er einnig falið að auglýsa samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda, komi ekki fram athugasemdir Skipulagsstofnunar við yfirferð hennar.

9. Kárahnjúkavirkjun, framkvæmd skilyrða umhverfisráðherra

Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 29.07 og svör LV.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hvernig til hefur tekist að uppfylla umrædd skilyrði umhverfisráðherra og með hvaða hætti. Jafnframt óskar stofnunin eftir upplýsingum um með hvaða hætti eftirlit hefur farið fram og hvort beita hafi þurft þvingunarráðstöfunum. Einnig óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um hvort framkvæmdaraðili hafi uppfyllt þau skilyrði sem leyfisveitendur settu umfram skilyrði umhverfisráðherra, hafi þau einhver verið. Þess er óskað að umræddar upplýsingar berist Umhverfisstofnun fyrir 20. ágúst n.k. Oddvita er falið svara fyrirspurninni í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins, en Kristinn Bjarnason sat fyrir hönd Fljótsdalshrepps í samráðshópi eftirlitsaðila og Landsvirkjunar.

11. Bréf

a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 13.07

Erindi kynnt, varðar námskeið sem Sambandið ætlar að halda á næstunni fyrir sveitarstjórnarmenn.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.07

Boðun á 24. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga dagana 29.9 – 1.10.

c. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 28.07

Bréfið varðandi endurskoðun gildandi laga- og reglugerðarákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

d. Orkustofnun, dags. 03.07

Varðandi erindi um gulleit, kynnt svarbréf frá Platina Resources Ltd. varðandi umsögn Fljótsdalshrepps

12. Fjárbeiðnir

a. Skólahreysti

Erindi hafnað

b. Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna

Erindi hafnað

c. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Erindi hafnað

d. Félag skógarbænda

Samþykkt að styrkja Skógardaginn mikla um 50.000 kr. Með von um að næst verði sótt um styrk, áður en hátíðin er haldin.

Anna Jóna vísar af fundi vegna vanhæfis

e. Pétur Guðmundsson Sækir um styrk til náms á vorönn 2010.

Samþykktur námsstyrkur krónur 90.000.

Anna Jóna kom aftur inn á fundinn.

13. Umhverfisstyrkir

a. Andrés Einarsson Sækir um samþykki sveitarstjórnar fyrir breytingu á fyrirhuguðu verkefni sem áður hefur verið samþykktur styrkur til.

Samþykkt

Lárus vísar af fundi vegna vanhæfis

b. Lárus Heiðarsson. Samþykkt umsókn.

Lárus kom aftur til fundar

c. Eiríkur J. Kjerúlf. Samþykkt umsókn.

14. Fundargerðir

a. HAUST 28.06. Kynnt

b. Skólaskrifstofa Austurlands 01.07. Kynnt

15. Önnur mál

a) Fyrirhugaður er fundur með framkvæmdastjóra Íshesta 23.08, kl 13:30 í Végarði.

b) Sömu aðilar og síðasta skólaárar, sjá um skólaakstur næsta vetur.

c) Oddviti leggur til að fjárhagsáætlun verði endurskoðuð á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:30
Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Lárus Heiðarsson(sign)